



Dagur í lífi innkirtlalæknis

Arna Guðmundsdóttir

Fimmtudagur 19. janúar 2023

07:00 Þarf ekki vekjaraklukkan í dag þar sem Elmar, nýi hvolpurinn okkar, laumar sér inn í svefnherbergi og sleikir á mér höndina. Tími til að vakna. Eiginmaðurinn fer með hann í morgungöngu á meðan ég skelli í mig fyrsta kaffibollanum af mörgum. Ég fékk reyndar að sofa aðeins lengur í morgun þar sem allar sundlaugar borgarinnar eru lokaðar í frosthörkunum. Annars hefði ég verið komin á Garpaæfingu í Sundhöll Reykjavíkur eins og venjan er á þriðjudags- og fimmtudagsmorgnum.

08:00 Geng í vinnuna á Landakoti sem tekur reyndar aðeins 6 mínútur. Þvílík lífsgæði sem þetta eru og nú man ég að Landspítali býður upp á samgöngusamning, þarf að kanna það mál.

08:15 Teymisfundur á L-2. Hér hef ég starfað frá því í október sl. Þá var tekin sú ákvörðun að manna þar endurhæfingardeild á vegum lyflækninga sem hefur það hlutverk að undirbúa sjúklinga fyrir útskrift heim. Þessi starfsemi er mjög þörf viðbót við bráðadeildir lyflækninga sem staðsettar eru í Fossvogi. Við tökum við sjúklingum sem hafa að mestu lokið meðferð á þeim bráðavanda sem leiddi til innlagna. Undanfarnar vikur hafa flestir sjúklinganna verið að jafna sig eftir veirupestir, svo sem influensu og COVID-19. Aðrar algengar ástæður innlagna eru byltur, minnistap, hrumleiki og vandamál tengd áfengisneyslu. Lyflækningaviðið hefur einnig tekið yfir

þjónustu á deild L-3 á Landakoti sem er heimiliseining eða biðdeild fyrir einstaklinga sem biða eftir varanlegri vistun á hjúkrunarheimili. Loks stendur til að deild L-5 verði einnig á okkar vegum en þar verður einkum sinnt líknandi meðferð fyrir aldraða.

Á Landakoti starfa gríðarlega öflug teymi sjúkra- og iðjuþjálfara, félags- og næringarráðgjafa, framúrskarandi hjúkrunarfræðinga og fleira starfsfólks sem allt leggst á árararnar við að búa sem best og öruggast um hnútana þannig að viðkomandi sjúklingar geti snúið aftur í sjálfstæða búsetu. Í framtíðinni þurfum við að huga að enn betri þjónustu við einstaklinga í heimahúsum til að stytta dvöl á sjúkrahúsinu eins og hægt er.

09:00 Eftir stuttan morgunfund greip ég næsta Hopp-hjól og brunaði niður í Hörpu til að sækja Læknadaga. Hlustaði á áhugaverð málþing um beinþynningu og breytingarskeið ásamt því að spjalla við vini og kollega. Það læðist að mér sú hugsun hvort að það þurfi ekki að fara varlega í að auka meðvitund og umræðu um breytingaskeiðið til þess að sjúkdómsvæða ekki um of þetta náttúrulega ferli. Ferli sem endar gjarnan með besta skeiði lífsins!

Læknadagar eiga sérstakan sess í hjarta mér eftir að ég sá um að skipuleggja þingið um 8 ára skeið, frá 2005 allt til ársins 2013. Ég hef lengi haft hugmyndir um að það væri hægt að gera Læknadaga að alþjóðlegu símenntunar-

þingi og skora hér með á núverandi stjórn að skoða þann möguleika fyrir alvöru.

16:00 Yfirfer fundargerð frá síðasta stjórnarfund Almenna lífeyrissjóðsins sem haldinn var fyrir tveimur dögum. Þetta var vinnufundur stjórnar þar sem verkefnið var að rýna fjárfestingastefnu sjóðsins. Ég hafði lagt mikla vinnu í að yfirfara fjárfestingastefnur sambærilegra sjóða sem bjóða mismargar iðgjaldaleiðir og ólíkar ávöxtunarleiðir séreignar. Almenni lífeyrissjóðurinn kom vel út úr þessum samanburði mínum. Sjóðfélaga-vefurinn okkar er nýr og afar vel hannaður og ég er mjög stolt af þeirri vönduðu þjónustu sem Almenni veitir.

19:00 Barnabarnið, lítill Thor Aspelund, kemur í pössun í fyrsta sinn. Hann er nú 8 vikna og rétt að byrja að brosa. Ég var vel undirbúin með snuð og pela auk þess að vera hokin af reynslu. Hugsa með mér, þetta getur ekki klikkað.

23:30 Komin í rúmið með Kindelinn og lofa sjálfri mér því að hætta nú að lesa fyrir miðnætti, sérstaklega eftir að hafa hlustað á fyrirlestur í dag um mikilvægi svefns. Ég svík þetta loforð á hverju kvöldi þegar ég nýt þess að hverfa inn í heillandi heim bókmenntanna.